

fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Rangárvallahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda verði á:
 - a) Flókagötu beggja vegna Rauðarárstígs.
 - b) Gunnarsbraut beggja vegna Flókagötu.
 - c) Flókagötu við Snorrabraut.
2. Bifreiðastöður verða bannaðar við Laugaveg frá Klapparstíg að Snorrabraut á virkum dögum kl. 9.00 til 19.00, á laugardögum þó einungis frá kl. 9.00 til 13.00. Reglur þessar taka gildi 16. október 1974.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. október 1974.

Sigurjón Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Eyrabakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrabakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

| | | |
|--|-----|-------------------------------|
| 11. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: | | |
| Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| Orkugjald | kr. | 30.00 á kWst. |
| 12. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: | | |
| Orkugjald | — | 8.90 á kWst. |
| Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja: | | |
| Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. | — | 144.00 á m ² á ári |
| Geymslur og gangar þeim tilheyrandi | — | 54.00 á m ² á ári |